

HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2023



Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2023 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 5.sept 2023.

Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2023 var 316 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2022 upp á 157 m.kr.

EBITDA hækkar um 22 %, var á fyrri helmingi ársins 2023 1.877 m.kr. (37,8%) á móti 1.534 m.kr. (36,3%) á sama tímabili árið 2022.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 30. júní 2023 er 43,8% en var 44,5% á sama tíma 2022.

Veltufjárlutfall var 1,48 þann 30. júní 2023 samanborið við 1,61 í lok sama tímabils 2022.

Hluthafar félagsins eru þrír:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49,80%
Suðurnesjabær	0,10%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2023 nam 316 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2022 upp á 157 m.kr. Þetta er aukning hagnaðar upp á 159 m.kr. sem skýrist aðallega með aukningu á sölu á heitu vatni og dreifingu rafmagns

Tekjur hækkuðu um 17,6% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2023, 4.972 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.661 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.572 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 437 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 301 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2022 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 4.227 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.270 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.359 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 410 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 188 m.kr

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 14,8% á milli ára og nam 3.210 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2023 (64,6% m.v. tekjur) á móti 2.796 m.kr. á sama tímabili 2022 (66,1% m.v. tekjur).

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 965 m.kr. fyrir hluta ársins 2023 en voru neikvæð upp á 840 m.kr. á sama tímabili 2022, eða alls hækkan um 125 m.kr. Fjármunatekjur hækka úr 26 m.kr. árið 2022 í 78 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2023, vaxtagjöld hækka úr 238 m.kr. í 282 m.kr. og verðbætur hækka úr 629 m.kr. í 761 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 37 m.kr. fyrir fyrri hluta 2023 á móti 6 m.kr. neikvæðri gjaldfærslu fyrir sama tímabil 2022 og var helsta ástæða fyrir neikvæðum tekjuskatti á fyrra tímabili m.a. sú að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2023 er 1.877 m.kr. (37,8%) á móti EBITDA 1.534 m.kr. (36,3%) fyrir sama tímabil árið 2022.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2023 bókfærðar á 34.288 m.kr. og hækkuðu um 155 m.kr. frá ársbyrjun og um 2.787 m.kr. frá sama tíma árið 2022. Fjárfestingar í fastfjármunum á fyrri hluta 2023 námu alls um 781 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 517 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 147 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 53 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 63 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: Fjárfestingar í fastfjármunum 693 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 425 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 103 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 45 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 120 m.kr. Fjárfestingar í óefnislegum eignum voru engar líkt og árið áður og seldar eignir voru 9 m.kr. á móti 3 m.kr. árið áður.

Eigið fé HS Veitna hf nam 15.018 m.kr. þann 30. júní 2023 (eiginfjárlutfall 43,8%) en eigið fé í ársbyrjun var 15.202 m.kr. (eiginfjárlutfall 44,5%) og 14.397 m.kr. (47,2%) á sama tíma 2021. Aðalfundur samþykkti í mars s.l. að keypt yrðu eigin bréf fyrir 500 milljónir króna og hefur það verið bókfært í efnahagsreikningi.

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2023 er sterk og horfur um rekstur þess góðar þrátt fyrir ört vaxandi verðbólgu sem alltaf hefur umtalsverð áhrif, sérstaklega til skemmri tíma lítið því breytingar á gjaldskrá eru alltaf nokkuð á eftir. Áfram verður unnið að endurnýjun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og áhersla lögð á að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 frá 1. janúar 2019. IFRS 16 kynnir heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Félagið, sem leigutaki, hefur fært til eignar nýtingarrétt sem endurspeglar rétt félagsins til notkunar eigna og á móti skuld vegna framtíðarleigugreiðslna.

Jarðskjálftar og eldgos hafa verið áberandi á Suðurnesjum síðustu tvö ár. Þessar náttúruhamfarir eru ekki taldar ógna veitukerfum HS Veitna með beinum hætti. Aðal áhættan er ef eitthvað kemur fyrir Orkuver HS Orku í Svartsengi sem sér HS Veitum fyrir heitu og köldu vatni á svæðinu og eru stjórnvöld, sveitarfélög á Suðurnesjum og aðrir hagsmunadilar að skoða til hvaða mótaðgerða er unnt að grípa.

Horfur um rekstur fyrirtækisins eru góðar þrátt fyrir ört vaxandi verðbólgu og óvissu m.a. vegna mikils umróts á á heimsmörkuðum. Áhrifin hafa verið verðhækkunar og lengri afhendingartími en þess er vænst að þetta gangi til baka að hluta a.m.k. á næstu mánuðum. Aukin verðbólga hefur hinsvegar alltaf umtalsverð áhrif, sérstaklega til skemmri tíma litð því breytingar á gjaldskrá eru alltaf nokkuð á eftir.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2023		01.01 - 30.06. 2022		Breyting milli ára
		%		%	
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	4.971.642	100,0%	4.227.314	100,0%	17,6%
Kostnaðarverð sölu	(3.209.684)	(64,6%)	(2.796.344)	(66,1%)	14,8%
Vergur hagnaður	1.761.958	35,4%	1.430.970	33,9%	23,1%
Annar rekstrarkostnaður	(443.207)	(8,9%)	(439.417)	(10,4%)	0,9%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.318.751	26,5%	991.553	23,5%	33,0%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(965.203)	(19,4%)	(840.430)	(19,9%)	14,8%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	353.548	7,1%	151.123	3,6%	133,9%
Tekjuskattur	(37.413)	(0,8%)	5.724	0,1%	(753,6%)
Hagnaður tímabilsins	316.135	6,4%	156.847	3,7%	101,6%
	30.6.2023		31.12.2022		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	30.978.724	90,3%	30.741.835	90,1%	0,8%
Veltufjármunir	3.309.010	9,7%	3.391.244	9,9%	(2,4%)
Eignir samtals	34.287.735	100,0%	34.133.079	100,0%	0,5%
Eigið fé	15.018.287	43,8%	15.202.152	44,5%	(1,2%)
Langtímaskuldir	17.036.153	49,7%	16.830.516	49,3%	1,2%
Skammtímaskuldir	2.233.294	6,5%	2.100.411	6,2%	6,3%
Skuldir og eigið fé samtals	34.287.735	100,0%	34.133.079	100,0%	0,5%
Kennitölur					
EBITDA	1.877.407	37,8%	1.533.891	36,3%	22,4%
Veltufjárlutfall	1,48		1,61		(8,2%)
Eiginfjárlutfall	43,8%		44,5%		(1,7%)

Nánari upplýsingar veitir Páll Erland, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 779 6200.